



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 4. mars 2015  
Tílv: LHG-150304-02

Landhelgisgæsla Íslands (LHG) hefur eftirfarandi umsögn fram að færa um frumvarp til laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands (hafnarríkisaðgerðir), 418. mál:

Í 4. gr. laganna frá 1998 kemur fram að fiskiskip skulu á 12 klukkustunda fresti tilkynna til LHG stað, stefnu og hraða á meðan þau eru innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Í breytingarfrumvarpinu er fjallað um 4.gr. LHG leggur til að í stað ákvæðis um 12 klukkustundir verði ákvæði um a.m.k. 12 klukkustunda frest þannig að opnað verði fyrir örari upplýsingar ef á þarf að halda í framtíðinni.

Ennfremur leggur LHG það til að það komi fram í 4. gr. að erlend veiðiskip og vinnsluskip sem sigla um fiskveiðilandhelgina hafi uppi fána síns ríkis til auðkenningar enda gera ákvæði Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna ráð fyrir því að skip aðildarþjóðanna sigli undir fána þjóðríkis síns m.t.t. samþykka hans.

Í 5. lið athugasemda við lagafrumvarpið er vísað til breyttra reglna NEAFC um PSC (port state control / hafnarríkiseftirlit) sem taka eiga gildi 01.07. n.k. Hingað til hafa þessar reglur einungis tekið til frosinna afurða en eftir breytinguna munu þær taka til allra afurða. Ljóst er að þetta mun hafa í för með sér aukið álag og kostnað á Sameiginlega Eftirlitsstöð LHG og Fiskistofu sem mönnum er og rekin af LHG.

Í 6. lið athugasemda við lagafrumvarpið „Mat á áhrifum“ kemur fram að ósennilegt er að framkvæmd samningsins vegna FAO hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir atvinnulífið eða stjórnsýsluna sem orð er að gerandi. Í því sambandi er bent á reynsluna af reglum NEAFC og NAFO. Í 16. gr. FAO samningsins er ákvæði um rafræna miðlun upplýsinga sem telja verður sambærilegt við kerfi NEAFC og NAFO. LHG vill koma því á framfæri að slíka ályktun verður að hugsa út frá hlutfallslegum tengslum við fjárheimildir. Reynslan af NEAFC og NAFO reglum m.t.t. Sameiginlegrar Eftirlitsstöðvar LHG og Fiskistofu hefur verið önnur, þar sem aukinn kostnaður vegna innleiðingar og viðhalds rafrænna eftirlitskerfa hefur haft í för með sér áþreifanlega, íþyngjandi rekstarkostnað fyrir LHG.

Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins er athugasemd við 3. gr. sem fjallar um yfirlit yfir hafnir á Íslandi sem veita erlendum fiskiskipum móttöku. Þeim höfnum hefur verið fjölgað sbr. eftirfarandi tengil á heimasíðu NEAFC: [https://psc.neafc.org/port\\_contacts#ISL](https://psc.neafc.org/port_contacts#ISL)

Ásgrímur L. Ásgrímsson

Framkvæmdastjóri aðgerðarsviðs LHG